

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- október 2017 -

Gæðadagur á Akureyri

Þann 17. nóvember mun Gæðastjórnunarfélag Norðurlands (GSFN) standa fyrir *gæðadegi á Akureyri* en þá munum við heimsækja þrjú fyrirtæki á Akureyri, sem eru: ProMat, Útgerðafélag Akureyrar og Raftákn. Dagskráin endar á hamingjustund (Happy hour) á Múlabergi þar sem góð tilboð verða í boði. Nánari dagskrá verður send á öll aðildarfélög og viljum við minna á að það þarf að skrá sig á þennan viðburð.

Verkefnastjórnun

GSFN og Símenntun Háskólans á Akureyri munu standa fyrir námskeiðinu „*Verkefnastjórnun*“ dagana 13. og 14. nóvember. Gæðastjórnun er í raun lítið annað en verkefnastjórnun og því kjörið tækifæri til að læra ný vinnubrögð og kynna aðferðafræði sem virkar til að ná betri árangri.

Farið verður yfir grundvallar hugtök, verklag, áherslur og mikilvægi verkefnastjórnunar. Fjallað um hlutverk verkefnastjóra, hvað er verkefni, og hvað er ekki verkefni. Farið yfir mikilvægi stefnumótandi áætlanagerðar og verkefnastjórnunar og hvaða hlutverki verkefni spila í því ferli að ná markmiðum fyrirtækja og stofnanna.

Einnig verður farið ítarlega í ferli verkefnastjórnunar, upphaf, mótun verkefnis, framkvæmd og verklok og rætt um mikilvægi þess að meta árangur verkefna. Lögð er áhersla á að samtvinna reynslu og þekkingu þátttakenda inn í námskeiðið.

Kennari námskeiðsins verður Þorgeir Pálsson, sjávarútvegsfræðingur, MBA. Framkvæmdastjóri Thorp ehf og aðjúnt við HR. Skráning á námskeiðið fer fram á heimasíðu Símenntunar, [smellið hér](#) til að vita meira.

Kynning GSFN á SATA

Gæðastjórnunarfélag Norðurlands fékk tækifæri til kynna félagið þegar Samtök atvinnurekanda á Akureyri var með hádegisfund 13. október síðast liðinn. Egill Thoroddsen formaður GSFN flutti erindi og dreifði stjórnin kynningarefni um félagið til þeirra sem voru mættir. Þetta var kærkomið tækifæri til að kynna félagið og vakti athygli þeirra sem á hlýddu og hver veit nema að fleiri félög bætis í hópinn innan tíðar.

Greiðsluseðlar sendir út

Nú ættu öll aðildarfélög að vera komin með greiðsluseðla fyrir árgjaldi félagsins og reikning inn á heimabankann. Ef einhverjar spurningar vakna þá sendi þið okkur fyrirspurn á gaedastjornun@gmail.com.

Hafið samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfíð okkar er gaedastjornun@gmail.com Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna [Gæðastjórnunarfélag Norðurlands](#).

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands.

Egill, Mjólkursamsölunni - Fannberg, B. Jensen - Hulda, Sjúkrahúsi Akureyrar - Góa, ProMat - Þórdís Huld, Becromal.